**Fundargerð Aðalfundar**

Aðalfundur í einkahlutafélaginu Leigufélagið Bríet ehf., kt. 611218-2060, að Bjarnarbraut 8, 310 Borgarnesi, haldinn á Teams þann 27. Júní 2024 kl. 11.00.

Á fundinn mættu Hermann Jónasson forstjóri HMS, Jón Björn Hákonarsson formaður stjórnar, Elín Oddný Sigurðardóttir stjórnarmaður, Björn Gíslason stjórnarmaður, Sigfús Ingi Sigfússon stjórnarmaður, Björn Bjarki Þorsteinsson sveitastjóri Dalabyggðar, Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitastjóri Reykhólahrepps, Sigríður Ingvarsdóttir bæjarstjóri Fjallabyggðar, Jóna Árný Þórðardóttir bæjarstjóri Fjarðarbyggðar og Sturla Jónsson endurskoðandi félagsins. Einnig sátu fundinn Helgi Haukur Helgason framkvæmdarstjóri félagsins og Jónas Gíslason sem ritaði fundargerð.

1. **Setning aðalfundar.**

Jón Björn Hákonarson formaður stjórnar setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna

2. **Kosning fundarstjóra og ritara, könnum á lögmæti fundar.**

Lagt var til að Jón Björn Hákonarson formaður yrði kosinn fundarstjóri og Jónas Gíslason ritaði fundargerð og var sú tillaga samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri kannaði því næst lögmæti fundarins. Boðað var til fundarins með lögmætum fresti en að öðru leyti var samþykkt að víkja frá formreglum 1. mg. 62. gr. og 63. gr. laga nr. 138/1994. Fundarstjóri lýsti því fundinn lögmætan enda allir hluthafar mættir og samþykktir ofangreindu.

3. **Skýrsla stjórnar.**

Skýrsla stjórnar úr ársreikningi félagsins var lögð fram og kynnt fyrir fundargestum. Heimild var veitt til kaupa á 80 íbúðum fyrir Grindvíkinga á árinu 2023 og farið var yfir það verkefni. Dalabyggð kom inn í félagið með 4 eignum. Seldar voru nokkrar eignir sem voru óhagkvæmar eða 15 eignir.

Rætt var um að skoða betur leiguverð á köldum svæðum og fá sveitarfélög í lið með félaginu til að kanna og uppfæra leiguverð. Framkvæmdarstjóra skipti urðu í maí/júní þegar Soffía Guðmundsdóttir lét af störfum og Helgi Haukur Hauksson hóf störf. Þakkað var fyrir starf stjórnar og starfsmanna vegna álags við Grindavíkurverkefnið.

Engar athugasemdir voru gerðar undir þessum lið og telst skýrslan samþykkt.

4. **Ársreikningur félagsins.**

Sturla Jónsson endurskoðandi fór yfir ársreikning fyrir starfsár félagsins 2023 og gerði grein fyrir heldstu niðurstöðum. Ársreikningur samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

5. **Ráðstöfun rekstrarafgangs.**

Arður eða ígildi hans verður notaður til vaxta félagsins.

Samþykkt samhljóða.

6. **Útreikningur leigufjárhæða.**

Helgi Haukur Hauksson fór yfir útreikninga leigufjárhæðar á nýjum eignum þar sem hefur verið langvarandi stöðnun, til dæmis á Breiðuvík. Áskorun fyrir Leigufélagið Bríet að koma með nýjar eignir inn á svæði þar sem leiguverð er mjög lágt og stendur ekki undir nýjum eignum.

Engar athugasemdir voru gerðar undir þessum lið.

7. **Stjórnarkjör.**

Helgi Haukur Hauksson kom með tillögu um nýja stjórn félagsins:

Elín Oddný Sigurðardóttir, Kt. 240579-3249, (sem formaður), Jón Björn Hákonarson, kt. 270173-3149, (sem varaformaður). Sigfús Ingi Sigfússon, kt. 031175-5349, (sem meðstjórnandi), Hólmfríður Árnadóttir, kt. 280373-4279, (sem meðstjórnandi) og Björn Gíslason, kt. 050455-5059, (sem meðstjórnaði).

Tillaga um nýja stjórn var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Framkvæmdarstjóra félagsins var falið að ganga frá tilkynningu um ofangreint.

8. **Kosning endurskoðanda**

Fyrir liggur tillaga um að Grant Thornton endurskoðun verði kosið endurskoðunarfyrirtæki félagsins.

Samþykkt samhljóða.

9. **Stjórnarlaun.**

Lagt til að þau verði óbreytt frá fyrra ári.

Samþykkt samhljóða.

10. **Tillaga að útgáfu nýs hlutafjár vegna yfirtökuverkefna.**

Lagt til að nýta það fé sem til er.

Samþykkt samhljóða.

11. **Grein gerð fyrir fjárhagslegum hagsmunum og trúnaðarstörfum utan félagsins.**

Listi um fjárhagslega hagsmuni og trúnaðarstörf utan félags er til staðar.

12. **Önnur mál.**

Enginn önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið 11:25.

Hermann Jónasson, forstjóri HMS

Jóna Árný Þórðardóttir, bæjarstjóri

f.h. Fjarðabyggðar

Björn Bjarki Þorsteinsson, sveitastjóri

f.h. Dalabyggðar

Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, sveitastjóri

f.h. Reykhólahrepps

Sigríður Ingvarsdóttir, bæjarstjóri

f.h. Fjallabyggðar

# Undirritunarsíða

Hermann Jónasson

Undirritað af:
Hermann Jónasson
3108694229
Dags: 22.07.2024
Tími: 09:59:51
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: d92ddcd3-98d6-4645-97d6-6460f93425d4

Jóna Árný Þórðardóttir

Undirritað af:
Jóna Árný Þórðardóttir
2705775209
Dags: 22.07.2024
Tími: 10:18:26
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: d92ddcd3-98d6-4645-97d6-6460f93425d4

Björn Bjarki Þorsteinsson

Undirritað af:
Björn Bjarki Þorsteinsson
0407685059
Dags: 22.07.2024
Tími: 09:57:47
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: d92ddcd3-98d6-4645-97d6-6460f93425d4

Ingibjörg Birna Erlingsdóttir

Undirritað af:
Ingibjörg B Erlingsdóttir
0512704019
Dags: 07.08.2024
Tími: 10:20:30
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: d92ddcd3-98d6-4645-97d6-6460f93425d4

Sigríður Ingvarsdóttir

Undirritað af:
Sigríður Ingvarsdóttir
1505655299
Dags: 22.07.2024
Tími: 10:02:04
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: d92ddcd3-98d6-4645-97d6-6460f93425d4